



## Fyrirgreiðsla Lánasýslu ríkisins til aðalmiðlara ríkisverðbréfa

Í 9 gr. samnings í tengslum við útgáfu ríkisskuldabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði dags. 26. maí 2006 sem gerður var á milli Lánasýslu ríkisins og aðalmiðlara kemur fram að aðalmiðlari á kost á að fá ríkisverðbréf lánuð (hér eftir nefnd lánsbréf) tímabundið hjá Lánasýslu ríkisins gegn því að setja fram tryggingu.

### 1. gr.

#### Lánstími

Hægt verður að óska eftir verðbréfaskiptum við Lánasýslu ríkisins á milli kl. 10-16:15 alla viðskiptadaga og er hámarkslánstími 7 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags viku seinna. Ef uppgjörsdagur kemur upp á frídegi þá styttist hámarkslánstíminn og uppgjörsdagur færast aftur til síðasta viðskiptadags á undan sem Kauphöll Íslands er opin.

### 2. gr.

#### Lánalínur og lánaflokkar

Lánalínur miðast við heildarstöðu útistandandi verðbréfaláns í hverjum flokki á hverjum tíma og er að finna í skjalinu: „Gjaldskrá verðbréfalána og hámark þeirra“ sem birt er á heimsíðu Lánasýslu ríkisins.

### 3. gr.

#### Hæf verðbréf til tryggingar

Hæf verðbréf til tryggingar (hér eftir nefnd tryggingarbréf) eru rafvæddir flokkar sem viðskiptavakt er á fyrir Lánasýslu ríkisins eða Íbúðalánasjóð, og svo önnur útgefin rafvædd skuldabréf. Tryggingarbréf þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks sé yfir 3 ma.kr. og staðfest sé að það magn hafi selst.
2. Útgefandi hafi lánshæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard og Poor's, Moody's eða Fitch og langtímalánshæfiseinkunn A- eða betra miðað við matskerfi Standard og Poor's og Fitch og A3 eða betra hjá Moody's.
3. Bréfin hafi viðskiptavaka hjá kauphöll eða sambærilegri stofnun og eru gefin út í íslenskri krónu.

Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs eru metin hæf uppfylli þau skilyrði 1. – 3. tl. hér að ofan.

Víkjandi skuldabréf eru ekki hæf og ekki er heimilt að útgefandi noti eigin bréf sem tryggingarbréf.

Tryggingarbréf skulu vera eign aðalmiðlara og án veðbanda við afhendingu. Lánasýsla ríkisins hefur veð í bréfunum á samningstímanum.

Lánasýsla ríkisins getur einhliða hafnað verðbréfum til tryggingar þrátt fyrir að þau uppfylli skilyrði 1. – 3. tl. hér að ofan.

## 4. gr.

**Gjalddagar afborgana og vaxta**

Tryggingarbréf skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga fyrir lok samningstímans.

Heimilt er að setja verðbréf til tryggingar sem greiddar eru afborganir eða vextir af á samningstíma ef ekki er um lokagjalddaga bréfs að ræða. Ef Lánasýsla ríkisins fær til sín greiðslur vegna tryggingarbréfa sem eru þar í vörslu, á aðalmiðlari rétt á að fá greiðsluna til sín. Lánasýslan hefur þó rétt á að krefjast aukinnar tryggingar sem þeirri greiðslu nemur.

Ef aðalmiðlari er með flokk að láni sem ber árlega fasta vexti ber honum að greiða Lánasýslunni vexti sem flokkurinn ber á vaxtagreiðsludegi. Við greiðslu vaxtanna á aðalmiðlari kost á að fá til baka þann hluta tryggingarbréfanna sem svarar til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna vaxtagreiðslunnar. Lánasýslan hefur heimild til að krefjast dráttarvaxta verði greiðsla ekki innt af hendi á vaxtagreiðsludegi. Jafnframt hefur Lánasýslan heimild til að halda eftir og selja tryggingarbréf fyrir andvirði vaxtagreiðslu, auk kostnaðar, þegar liðnir eru þrír dagar frá vaxtagjalddaga og aðalmiðlari hefur ekki enn staðið í skilum.

## 5. gr.

**Samningur**

Lánasýsla ríkisins og aðalmiðlari þurfa að gera með sér sérstakan samning hverju sinni þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Uppgjörsdagur
- Upphafs- og lokaverð viðskiptanna

Markaðsverð miðast við tilboð, sem eru í gildi á viðskiptadegi ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum. Markaðsverðið miðast við hagstæðasta kauptilboð fyrir verðbréf til tryggingar en hagstæðasta sölutilboð fyrir lánsbréf.

Með lokaverði er átt við markaðsverð bréfa að fráregnum hundraðshluta sem ræðst af eftirstöðvatíma bréfanna sbr. hér að neðan. Eingöngu er um að ræða frádrag á tryggingarbréfum en ekki lánsbréfum. Þannig verður markaðsverð lánsbréfa ávallt jafnt lokaverði þeirra. Ekki skal vera munur á lokaverðum lánsbréfa og tryggingarbréfa í verðbréfavíðskiptum aðalmiðlara og Lánasýslu ríkisins.

Frádrag frá markaðsverði verðbréfa til tryggingar verður:

- 2% af verðbréfum þar sem líftími er styttri en eitt ár.
- 5% af verðbréfum þar sem líftími er 1 til 5 ár.
- 7% af verðbréfum þar sem líftími er lengri en 5 ár.

Forvaxtaþrósentu, sem notuð er til útreiknings á þóknun, krefst umreiknings frá ávöxtunarkröfu og er notuð eftirfarandi jafna:

$$F = \left[ 1 - \frac{1}{\left(1 + \frac{A}{100}\right)^{\left(\frac{d}{360}\right)}} \right] \cdot \left[ \frac{36.000}{d} \right]$$

þ.s. F er forvaxtaþrósentu, A er ávöxtunarkrafa og d er dagafjöldi frá og með upphafsdegi að uppgjörstími. Forvaxtaþrósentu er reiknuð með tveimur aukastöfum.

Ef markaðsvirði tryggingarbréfa lækkar á samningstímabilinu umfram skilgreint frádrag er Lánasýsla ríkisins heimilt að krefjast aukinnar tryggingar sem því nemur. Einnig er Lánasýsla heimilt við gerð samnings og að höfðu samráði við aðalmiðlara að krefjast aukins frádrags af einstökum tryggingarbréfum ef ekki er nægilega tryggt að þau haldi verðgildi sínu út samningstímann.

6. gr.

#### **Þóknun og annar kostnaður**

Lánasýsla ríkisins reiknar sér þóknunir vegna verðbréfalána. Upplýsingar er að finna í skjalinu „Gjaldskrá verðbréfalána og hámark þeirra“ sem birt er á heimsíðu Lánasýslu ríkisins.

1. Þóknun tekur mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Lánasýsla ríkisins afhendir lánsbréf þar sem forvextir eru reiknaðir út frá álagi ofan á stýrivexti Seðlabanka Íslands og fær verðbréf til tryggingar þar sem forvextir eru reiknaðir út frá frádragi af stýrivöxtunum. Vaxtaútreikningur í tengslum við dagafjölda á lánstímanum er raundagar/360
2. Tekið er afgangsgjald af hverjum samningi.
3. Þóknunir eru greiddar við upphaf samningstímans.

Falli á Lánasýslu kostnaður vegna vörslu tryggingarbréfa á samningstímanum er Lánasýslu heimilt að innheimta hann við upphaf samningstímans. Vörslugjöld af íbúðabréfum skráðum í Euroclear eru dæmi um þetta.

7. gr.

#### **Afhending rafrænna eigna**

Fullnægjandi afhending telst vera þegar aðalmiðlari afhendir verðbréf til tryggingar inn á reikning Verðbréfaskráningar Íslands á sinni eigin kennitölu. Lánasýslan sækir tryggingarbréfin og flytur á vörslureikning sinn hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Því næst afhendir Lánasýsla ríkisins lánsbréfin, á sinni kennitölu (521192-2409), á biðreikning sinn hjá Verðbréfaskráningu Íslands þar sem aðalmiðlari sækir þau. Ef tryggingarbréfin sem Lánasýsla ríkisins á að fá afhent hafa ekki borist rafrænt fyrir kl. 16:30, þann dag sem viðskiptin eru gerð, getur hún ógilt viðskiptin. Á uppgjörstími samnings skal aðalmiðlari fyrst skila lánsbréfunum á biðreikning Lánasýslu ríkisins (á kennitölu Lánasýslunnar) hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Eftir að Lánasýsla ríkisins hefur móttengið lánsbréfin eru tryggingarbréfin afhent inn á biðreikning aðalmiðlara — á kennitölu aðalmiðlara. Aðalmiðlari skal skila lánsbréfunum fyrir klukkan 14:00 á uppgjörstími og Lánasýsla ríkisins skal skila tryggingarbréfunum fyrir klukkan 15:00 á uppgjörstími en þó aðeins ef lánsbréfunum hefur verið skilað.

Um afhendingu verðbréfa til tryggingar sem ekki eru skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands gildir sú meginregla að verðbréf til tryggingar séu fyrst afhent Lánasýslu ríkisins áður en lánsbréf eru afhent. Á uppgjörstegi samnings gildir að verðbréf til tryggingar eru afhent eftir að lánsbréfum hefur verið skilað. Ef möguleiki er á samtímaafhendingu er slíkt einnig leyfilegt.

8. gr.

#### **Uppgjörsvandi**

Afhendi aðalmiðlari ekki lánsbréfin á uppgjörstegi samnings hefur Lánasýsla ríkisins heimild til þess að krefjast dráttarvaxta af upphafsverði lánsbréfanna uns þeim hefur verið skilað. Ef þrír viðskiptadagar hafa liðið frá því að samningurinn rann út og aðalmiðlari hefur enn ekki afhent tryggingarbréfin hefur Lánasýsla ríkisins heimild til þess að selja þau fyrir eigin reikning, auk þess að innheimta allan þann kostnað og skaða sem hún hefur orðið fyrir. Ef aðalmiðlari hefur afhent lánsbréfin en Lánasýsla ríkisins afhendir ekki tryggingarbréfin á uppgjörstegi samnings hefur aðalmiðlari heimild til þess að krefjast dráttarvaxta ásamt því að innheimta allan þann kostnað og skaða sem hann hefur orðið fyrir vegna viðskiptanna.

9. gr.

#### **Tilkynningar**

Tilkynningar lánastofnana til Lánasýslu ríkisins um fjárhagsleg atriði, sem um er fjallað í reglum þessum, er heimilt að senda með símbréfi að því tilskildu að slík bréf beri undirritun þeirra, sem hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun. Lánasýsla ríkisins leggur ríka áherslu á að aðalmiðlari staðfesti á tryggan hátt með símtali þegar samningur er sendur með símbréfi. Símtöl vegna viðskipta eru hljóðrituð.

10. gr.

#### **Útilokun viðskipta**

Lánasýsla ríkisins getur án fyrirvara útilokað aðalmiðlara frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hann ekki hlítt ákvæðum þeirra.

11. gr.

#### **Gildistaka**

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli samninga sem gerðir voru við aðalmiðlara þann 26. maí 2006, gilda frá og með 5. janúar 2007. Um leið falla úr gildi eldri reglur frá 29. maí 2006 um fyrirgreiðslu til viðskiptavaka.

Reykjavík, 4. janúar 2007  
Lánasýsla ríkisins